



Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Félagsmálanefnd

## Athugasemdir sveitarstjórnar Hrunamannahrepps við frumvarp til laga um frístundabyggð.

Almennt má segja að ýmsar réttarbætur séu í frumvarpi þessu sérstaklega er varðar leigutaka. Einstaka greinar orka þó tvímælis og bera jafnvel með sér misskilning eða þekkingarleysi á öðrum lögum eða lagaumhverfi.

Varðandi 12 grein, um heimild til minnkunar lóðar, það getur verið vandasamt að minnka lóðir í grónu uppbyggðu frístundahverfi út frá skipulags sjónarmiði. Á leigusali að geta úthlutað nýjum lóðum? Og það þrátt fyrir hugsanlegar/mjög líklegar mótbáru frá leigutaka? Öllum leigutökum í viðkomandi hverfi. Á að vera hægt að breyta ásýnd frístundabyggðar, umferð, veitum ofl vegna sambærilegra lóðarminnkunar. Allt að því fjórfalda byggingarmagn í viðkomandi byggð? Eða er greinin fræðileg en ófær í allflestum tilvikum og til þess eins fallin að slá ryki í augu jarðareigenda/leigusala sem lítur út fyrir að fá rétt til að nýta land aftur í stað þess að fá eðlilegt afgang?

Við leggjum til að þessi grein verði skoðuð frá grunni og aðeins í undantekningar tilfellum verði þessi möguleiki nýtanlegur og þá vegna afturhvarfs nýtingar á landi sem landbúnaðarlandi.

Varðandi 17 grein, þar sem fjallað er um hlutverk frístundafélags. Vegir, veitur, rothærr/hreinsimannvirki, leiksvæði og fl eru skipulögð fyrirfram og koma fram í deiliskipulagi hvers hverfis og eða lóðar. Nauðsynlegt er að taka það fram í lagatextanum svo ekki megi skilja svo að skipuleggja eigi alla þessa hluti eftir og það af hagsmunafélagi leigutaka. Hinsvegar er æskilegt að slíkt félag komi að rekstri og viðhaldi og etv. uppsetningu á grundvelli samþykks skipulags.


Varðandi 22 grein; Allir geta óskað eftir fundi með sveitarstjórn. Ekki er hægt að sjá nauðsyn þess að setja slíka grein í lög, jafnvel þó um stefnuvísi sé að ræða. Ekki er hægt að sjá annað en um sé að ræða algjört brot á jafnræði við ýmsa aðra hagsmunahópa í sveitarfélögunum sem ekki "geta" vísað í tilsvarende stefnuvísa í löggjöf.

Einnig má spyrja hvort til standi hjá löggjafanum að setja í lög t.d. um hópa fólks af landsbyggðinni sem eiga íbúðir í höfuðborg Íslands sambærileg ákvæði. T.d. um alla vestfirðinga sem eiga íbúðir (en ekki lögheimili) á stór-Reykjavíkur svæðinu eða alla þá sem eiga íbúðir en hafa ekki lögheimili í 101 að þeir hafi rétt (stefnuvísandi) til árlegs fundar með borgarstjórn Reykjavíkur.

Við leggjum til að þetta ákvæði falli út.

Flúðum, 6. mars 2008

f.h. Hrunamannahrepps



Ólafur Gyfi Pálmason sveitarstjóri

Afrít sent: Samband Íslenskra sveitarfélaga; Guðjóni Bragasoni og Jönu Friðfinnsdóttur